

Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, fundur nr. 02 – 2023

Staður: Hvanneyri og Teams

Tími: Þriðjudagur 21. feb 2023 kl. 13:00

Fundinn sátu: Ragnheiður I. Þórarinsdóttir (stýrir fundi), Daði Már Kristófersson, Þorvaldur Ragnar Þorbjarnarson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson (Teams- varamaður Lilju Bjargar Ágústsdóttur), Haukur Þórðarson, Þórunn Jónsdóttir (Teams) og Jóhannes Sveinbjörnsson.

1. Rafræn samþykkt fundargerða: Samþykkt var að taka upp rafræna undirritun fundargerða frá og með síðustu áramótum.

2. Starfsáætlun 2023-2024 – kynning, umræða og samþykkt: Álfheiður Marinósdóttir kennslustjóri mætti á fundinn og kynnti tillögu að starfsáætlun 2023-2024. Starfsáætlun hafði verið lögð inn á Teams til kynningar fyrir háskólaráðsfólk, hún gildir frá 15.08.23 – 15.08.24. Reynt er að hafa með allar helstu dagsetningar sem máli skipta. Eins og verið hefur nú í vel á annan áratug eru 2 stuttannir á hvorri önn með prófahléi á milli og hefur þetta fyrirkomulag reynst heldur vel. Útskriftardagur, deildarfundir og fleiri mikilvægir viðburðir eru settir inn í áætlunina. Starfsáætlun samþykkt að lokinni kynningu.

3. Starfsreglur starfsmenntanáms– kynning og umræða: Uppfærðar starfsreglur starfsmenntanáms lagðar fram til umræðu og kynningar. Stærstu breytingarnar eru að garðyrkjubrautir detta út og ýmislegt er fært til nútímans. Háskólaráð rýnir þetta fram að næsta fundi.

4. Samskipti við HVIN– umræða og viðbrögð háskólaráðs: Allir rektorar háskólanna saman fengu fund með ráðuneytisstjóra og skrifstofustjórum í háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti (HVIN) nú nýlega. Ráðuneytið er að vinna í ýmsu er varðar fjármál háskólanna og háskólarnir hafa verið að svara ýmsum fyrirspurnum þar að lútandi. Settur hafði verið fram útreikningur á kostnaði per nemanda og þar var Lbhí hátt reiknaður en bent hefur verið á rannsóknahlutverk okkar og Rala-grunninn. Rektor ræddi við ráðuneytisstjóra og ýtti á eftir svörum sbr. umfjöllun á síðustu fundum háskólaráðs. Ekki hefur náðst að funda en ráðherra hefur sagt rektor að hún væri að fara að ýta við fjármálaráðuneytinu vegna jarðræktarmiðstöðvar. Ragnheiður og Þóroddur eiga svo fund með MAR núna á fimmtudag vegna samningsins við MAR. Kornræktarverkefni ýtir líka á að jarðræktarmiðstöð verði að veruleika, það er mikill áhugi á þessu hjá MAR. Margt er óleyt, t.d. varðandi búnað á Reykjum sem Lbhí á en hefur ekki fengið að sækja. Korpu hefur ekki verið skilað til ríkisins ennþá enda varla tímabært þegar ekki er búið að ganga frá málum varðandi jarðræktarmiðstöð eins og til hefur staðið. Allt er komið í gegn hjá sveitarfélaginu varðandi jarðræktarmiðstöð, teikningar, skipulag og annað. Svára er vænst frá HVIN fyrir lok þessarar viku, starfsemin knýr á um að þessum málum verði svarað. Fundur er áætlaður með ráðherra í byrjun mars.

5. Stefnumótun – undirbúningur – fundir í mars og apríl – umræða og rýni: 13.mars og 17. apríl (mánudagar) eru fráteknir fyrir fundi með starfsmönnum og nemendum. Skjal um framtíðarsýn er inni á Teams – til umræðu. Úttektarskýrsla er komin, er í drögum og ekki til dreifingar, beðið um að staðreyndavillur séu leiðréttar eftir þörfum. Nokkur umræða varð um tengsl MAR-samningsins við stefnumótun, akademískt frelsi o.s.frv. Daði ræddi þá leið sem farin hefur verið víða að búa til sérstakar rannsóknastofnanir. Varðandi skjalið sem er til umræðu þá er fólk sammála um mikilvægi þess að fjölga nemendum. Töluverð tækifæri eru í sameiginlegum námsbrautum með öðrum skólum. Ákveðið að leggja skjalið fram í púkkið í umræðufundi um stefnumótun með starfsmönnum og nemendum.

6. Siðareglur – umræða: Daði fór yfir álitamál um hvort siðareglur eigi að vera nákvæmar (eins og það sem nú er verið að leggja til af siðanefnd LbhÍ) eða matskenndar (sbr HÍ reglurnar) og meira byggðar á gildum háskólans heldur en nákvæmri útlistun á hvað er í lagi og hvað ekki. En tillögurnar verða kynntar á sérstökum fundi með starfsmönnum og nemendum hér á eftir.

7. Mál til kynningar og fundardagsetningar: Í Landanum í fyrradag var kynning á ýmsum góðum verkefnum LbhÍ, öllum til mikils sóma. Fulltrúar Wageningen háskóla koma hér í lok mars. 2 doktorsnemar frá Úkraínu verða hér í nokkrar vikur í sumar og smærri hópur í eina viku. Gleipnir: verið er að ganga frá fjármögnunarpáttum.

Næsta fundardagsetning: 21. mars kl. 13 á Keldnaholti

Fundi slitið kl. 14.30